

Erindisbréf fyrir jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogs

I. Kafli Skipan og umboð

1. gr.

Jafnréttis- og mannréttindaráð er kosið af bæjarstjórn Kópavogsbæjar á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer með í umboði bæjarstjórnar, mannréttinda-, lýðræðis- og jafnréttismál skv. 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og samþykktum sveitarstjórnar.

2. gr.

Jafnréttis- og mannréttindaráð er skipað fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til fjögurra ára í senn. Á fyrsta fundi ráðsins eftir kosningu fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

II. Kafli Fundir og starfshættir ráðsins

3. gr.

Jafnréttisráðgjafi starfar fyrir nefndina og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr fundi ráðsins, situr fundi þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Heimilt er að fella niður fundi ráðsins yfir sumarmánuðina sé því við komið. Formanni ráðsins er einnig heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hann telur fyrirliggjandi erindi á dagskrá ekki nógu mörg

4. gr.

Jafnréttisráðgjafi boðar fundi í samráði við formann ráðsins.

Ráðsmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður ráðsins ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Fjöldi funda ráðsins er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir ráðsmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Fundur ráðsins er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur ráðsmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í nefndinni fer eftir því sem við á skv. II. og III. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

Formaður ráðsins stýrir fundum þess.

Fundir ráðsins skulu jafnar haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur ráðið boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

Þeir sem sitja fundi ráðsins skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamálefni er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum.

7. gr.

Ráðið skal halda gerðarbók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

8. gr.

Jafnréttis- og mannréttindaráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

III. Kafli Hlutverk og markmið

9. gr.

Hlutverk jafnréttis- og mannréttindaráðs er:

Að fara með og móta jafnréttis- og mannréttindamál í viðtækum skilningi í bæjarfélaginu.

Fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 10/2008 og önnur verkefni á sviði mannréttinda- og jafnréttismála skv. gildandi jafnréttisstefnu Kópavogsbæjar hver tíma

Veita bæjarstjórn, bæjarráði, nefndum og stofnunum bæjarins ráðgjöf um jafnréttis- og mannréttindamál.

Veitir árlega jafnréttisviðurkenningu þeirri stofnun, fyrirtæki, nefnd eða ráði Kópavogsbæjar, einstaklingi, félagi, fyrirtæki eða stofnun sem hefur að mati ráðsins staðið sig best undangengið ár við framgang jafnréttismála í Kópavogi.

Að fara að öðru leyti með verkefni á sviði jafnréttis- og mannréttindamála sem nefndinni eru falin af bæjarráði, bæjarstjórn eða samkvæmt lögum.

10.gr.

Ákvarðanir jafnréttis- og mannréttindaráðs taka formlega gildi við staðfestingu bæjarstjórnar.

Fundargerðir jafnréttis- og mannréttindaráðs skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar og samþykktar nema ef um er að ræða tillögur um fjárútlát utan fjárhagsáætlunar. Slíkar tillögur ber að leggja fyrir bæjarráð.

11.gr.

Jafnréttis- og mannréttindaráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum, sem taka mið af jafnréttisáætlun Kópavogs.

IV. Kafli Hæfi og skyldur ráðsmanna

12.gr.

Um hæfi fulltrúa jafnréttis- og mannréttindaráðs gilda ákvæði 19. gr. sveitastjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar.

13.gr

Jafnréttis- og mannréttindaráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki á stjórnsýslu- eða velferðarsviði. Kjörnir fulltrúar koma ekki að ráðningarvaldi umfram lögboðnar umsagnir, sbr. 61. og 62. grein bæjarmálasamþykktar.

Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð viðkomandi sviðs- og deildarstjóra. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir innan

embættismannakerfisins fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Jafnréttis- og mannréttindaráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

V. Kafli **Gildistaka**

14.gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010, sbr. nr. 217/2011. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarráði og bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 12. janúar 2012.